



Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar – júní 2023

Kynning fjármála- og áhættustýringarsviðs
7. september 2023




A- og B-hluti

Samantekinn reikningur



Rekstrarniðurstaða og rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir samantekinn reikningur A- og B-hluta




*Fjárhæðir janúar-júní 2019 miðast við eldri reglugerð 1212, þar sem byggðasamlög og samlagsfélög voru að fullu tekin inn í samantekinn árslutareikning.

■ EBITDA ■ Rekstrarniðurstaða

- Rekstrarniðurstaða samstæðu var neikvæð um 6,7 ma.kr. sem var 12,8 ma.kr. verri niðurstaða en áætlað var.
- EBITDA var jákvæð um 23,1 ma.kr. og var 2 ma.kr. undir áætlun.




Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta janúar-júní 2023 og frávik frá áætlun með viðaukum (m.kr.)




- Skatttekjur og Jöfnunarsjóður voru 3,5 ma.kr. yfir áætlun, þar af var staðgreiðsla útsvars 3,4 ma.kr. yfir áætlun. Aðrar tekjur voru 1,7 ma.kr. undir áætlun. Sala byggingaréttar 1,2 ma.kr. undir áætlun. Söluhagnaður eigna var 530 m.kr. yfir áætlun.
- Launakostnaður var 2,4 ma.kr. yfir áætlun þar af voru laun A-hluta 2,1 ma.kr. yfir fjárheimildum.
- Breyting lífeyrisskuldbindingar var um 1,1 ma.kr. yfir fjárheimildum
- Fjármagnsliðurinn var 9,1 ma.kr. yfir áætlun aðallega vegna hærri verðbólgu á árinu en einnig v. 2,6 ma.kr. gjaldfærslu vegna álafleiðu hjá OR. Matsbreyting fjárfestingaeigna var 3,2 ma.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir.



Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld A- og B-hluta janúar-júní 2023 (m.kr.)




- Fjármagnsliðurinn var neikvæður um 18,6 ma.kr., en áætlun gerði ráð fyrir að fjármagnsliðir yrðu neikvæðir um 9,6 ma.kr. og frávikið því 8,9 ma.kr. umfram áætlun.
- Verðbólga tímabilsins var 5,3% en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 2,85%
- Álverð lækkaði um 9,5% á tímabilinu sem leiddi af sér 2,6 ma.kr. lækkun á innbyggðri álafleiðu í raforkusölusamningum.
- Lántaka var 6,7 ma.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir.



- Matsbreyting fjárfestingareigna, sem er verðbreyting á þeim fasteignum Félagsbústaða sem ætlaðar eru til útleigu, er liður sem fylgir fasteignamati og getur sveiflast mikið. Matsbreytingin var 0,7 ma.kr. á tímabilinu.



Álafleiða OR og gengismunur OR




- Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álafleiðan) og gengismunur hjá OR hafa jafnan mikil áhrif á fjármagnslið samstæðunnar eins og myndin hér að ofan sýnir. Á fyrir hluta ársins 2023 nam gjaldfærsla vegna álafleiðunnar var 2,6 ma.kr. en tekjufærsla vegna gengismunar 413 m.kr.



Lækkun eigin fjár frá áramótum

- Lækkun eigin fjár skýrist auk 6,7 ma.kr. taps aðallega af þýðingarmuni vegna eigna OR sem gerðar eru upp í erlendum gjaldmiðlum og lækkaði eigið fé um 2,5 ma.kr. vegna styrkingar krónunnar á móti USD á tímabilinu. Arður sem greiddur var út til minnihluta eigenda OR nam 355 m.kr.


Efnahagur A- og B-hluta (m.kr.)	30.6.2023	31.12.2022	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	179.187	173.917	5.270	3,0%
Veitukerfi	391.346	393.549	-2.204	-0,6%
Fjárfestingaeignir	150.733	148.620	2.113	1,4%
Götur	35.359	34.824	536	1,5%
Aðrir fasta fjármunir	26.746	26.377	369	1,4%
Langtímakröfur	12.747	12.307	439	3,6%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	8.695	8.896	-201	-2,3%
Veltufjármunir án handb.fjár	55.291	49.920	5.371	10,8%
Handbært fé	33.294	21.922	11.372	51,9%
Eignir samtals	893.398	870.333	23.065	2,7%
Eigið fé	414.453	423.955	-9.502	-2,2%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	38.093	37.608	485	1,3%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.701	2.701	0	0,0%
Aðrar skuldbindingar	26.977	26.818	159	0,6%
Langtímalán	324.071	307.007	17.064	5,6%
Leiguskuldir	11.528	11.625	-98	-0,8%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	34.282	27.900	6.383	22,9%
Aðrar langtímaskuldir	287	40	247	612,2%
Fyrirfram innborganir	3.047	2.137	910	42,6%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb.	37.959	30.541	7.417	24,3%
Skuldir og skuldbindingar samtals	478.945	446.378	32.568	7,3%
Skuldir og eigið fé samtals	893.398	870.332	23.066	2,7%





- Hreinar vaxtaberandi skuldir jukust um 11,7 ma.kr. frá áramótum en hreinar skuldir jukust um 16 ma.kr. Hækkun hreinna vaxtaberandi skulda á tímabilinu má einkum rekja til nýrra lána umfram afborganir og meiri verðbólgu.
- Eiginfjárhlutfall A- og B-hluta dróst saman frá áramótum til júní loka úr 48,7 í 46,4%.



Sjóðstreymi A og B-hluta janúar-júní 2023 (m.kr.)




- Handbært fé hækkaði á tímabilinu um 11,4 ma.kr.
- Veltufé frá rekstri var jákvætt um 16,5 ma.kr.
- Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðargjöldum og seldum byggingarrétti námu 22,4 ma.kr.
- Lántaka og ný stofnframlög námu 30,4 ma.kr. á tímabilinu.
- Afborganir lána og leiguskulda námu 16,9 ma.kr.



- Brúttó fjárfestingar A- og B-hluta voru 11,1 ma.kr. undir áætlun.




A-hluti



- Niðurstaða A-hluta var neikvæð um 0,9 ma.kr. og var 1,8 ma.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir.
- Halli af málaflokki fatlaðs fólks nam 4,8 ma.kr. á fyrri hluta árs.



Rekstrarniðurstaða A-hluta janúar-júní 2023 og frávik frá áætlun með viðaukum (m.kr.)




- Staðgreiðsla útsvars var 3,4 ma.kr. yfir áætlun og hækkaði um 8,4 ma.kr. milli ára. Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 5,9 ma.kr. og voru á pari við áætlun.
- Launakostnaður var 2,1 ma.kr. yfir fjárheimildum sem rekja má til aukins fjölda barna af erlendum uppruna, hækkandi veikindahlutfalls, töku orlofs og þjónustubýngdar í búsetuúrræðum.
- Frávik í öðrum rekstrarkostnaði eru meðal annars af vistunargjöldum barna með þroska- og geðraskanir, hækkun aðfanga vegna verðlagsbreytinga, kostnaði vegna rakaskemmda og vetrarþjónustu.
- Breytingar á lífeyrisskuldbindingu voru 1 ma.kr. gjaldfærsla umfram áætlun, sem rekja má til launahækkana á opinberum markaði.




Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða jan.-júní 2023	Áætlun jan.-júní 2023	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
Fjármála- og áhættustýringarsvið	726	757	-31	-4%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	2.459	2.470	-11	0%	3%
Menningar- og íþróttasvið	9.035	8.984	52	1%	12%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	190	195	-5	-2%	0%
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu	1.049	1.045	4	0%	1%
Skóla- og frístundasvið	36.981	34.709	2.273	7%	50%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	5.412	5.031	381	8%	7%
Velferðarsvið án bundinna liða	18.897	18.329	568	3%	26%
Velferðarsvið, bundnir liðir	2.217	2.475	-257	-10%	3%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	2.131	2.041	89	4%	3%
Sameiginlegur kostnaður án lífeyrisskuldbindinga við LsRb	1.934	2.287	-352	-15%	3%
Lífeyrisskuldbindingar við LsRb	1.750	750	1.000	133%	2%
Málaflokkar Aðalsjóðs samtals	82.783	79.073	3.709	5%	113%
Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga					73.328
Eignaskrifstofa	-7.298	-6.688	-610	9%	
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu ES	-1.108	-2.335	1.227	-53%	
Umhverfis- og skipulagssvið Eignalsjóðs	1.482	1.522	-40	-3%	
Málaflokkar Eignasjóðs samtals	-6.923	-7.501	578	-8%	




Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld A-hluta janúar-júní 2023 (m.kr.)




- Vaxta- og verðbóttagjöld voru 1,6 ma.kr. yfir áætlun. Verðbólga á tímabilinu var 5,3% en áætlun gerði ráð fyrir 2,85% verðbólgu.
- Arður frá OR var kom í júní í ár í stað ágúst. Arðurinn var 468 m.kr. yfir áætlun.



- Sala byggingarréttar var 1.227 m.kr. undir áætlun þ.e. 49,1%.
- Söluhagnaður eigna var 566 m.kr. yfir áætlun.





- Frá áramótum til loka júní 2023 jukust hreinar skuldir og skuldbindingar um 7 ma.kr. Aukningu í hreinum skuldum má helst rekja til 11,9 ma.kr. lántöku umfram afborganir, 4,2 ma.kr. hækkunar verðbóta og affalla, 0,4 ma.kr. hækkunar á lífeyrisskuldbindingu umfram afborganir en á móti kom að handbært fé hækkaði um 9,8 ma.kr. frá áramótum.
- Eigið fé nam 81,7 ma.kr. og eiginfjárhlutfall nam 29,6%.



- Handbært fé hækkaði um 9,8 ma.kr. frá áramótum til loka júní.
- Veltu fé frá rekstri var jákvætt um 6,8 ma.kr. þar af nam arðgreiðsla 5,1 ma.kr.
- Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum, greiddum gatnagerðagjöldum og seldum byggingarétti námu 7,7 ma.kr.
- Lántaka nam 14,8 ma.kr. á tímabilinu og var 4,3 ma.kr. yfir áætlun
- Afborganir lána og leiguskulda námu 2,9 ma.kr.



Greiðslugeta A-hluta að meðtöldum fjárfestingatekjum gagnvart fjárfestingum, afborgunum lána og lífeyrissjóðsframlagi.





Fjárhagsleg markmið og mælikvarðar

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023_03	2023_06	2023	2024	2025	2026	2027
1	Rekstrarniðurstaða jákvæð (fjárhæðir í m.kr.)	> 0	✘ -3.974	✘ -921	✘ -5.991	⚠ 2.166	✔ 6.035	✔ 7.067	✔ 9.631
2	Hlutfall launakostnaðar	< 80%	✘ 83%	✘ 81%	✘ 86%	✘ 82%	✔ 80%	✔ 80%	✔ 79%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 7,5%	✘ -1,6%	✔ 7,8%	✘ 2,2%	✘ 5,9%	✔ 7,6%	✔ 7,8%	✔ 8,5%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	✘ -0,4	✔ 1,6	✘ 0,4	✘ 0,7	✔ 1,1	✔ 1,1	✔ 1,1
5*	Lántaka að hámarki 70% af fjárfestingum	< 70%	-	-	⚠ 83%	⚠ 80%	✔ 65%	✔ 64%	✔ 54%
6*	Skuldaviðmið fari ekki yfir 100% af tekjum	< 100%	-	-	✔ 85%	✔ 85%	✔ 86%	✔ 84%	✔ 79%
7	Lágmarksstaða handbærs fjár (fjárhæðir í m.kr.)	> 8 ma.kr.	✔ 13.587	✔ 19.986	✔ 10.950	✔ 9.317	✔ 8.826	✔ 8.754	✔ 9.572

* Eingungis reiknað og birt á ársgrundvelli



EIGNASJÓÐUR				
VERK- OG KOSTNAÐARSTAÐA JANÚAR - JÚNÍ 2023				
MÁLAFLOKKUR	KOSTN STAÐUR	ÁÆTLUN ÁRSINS ENDURSKOÐUÐ 27. JÚNÍ	KOSTNAÐARST 202306	FJÁRHAGSLEG FRAMVINDA [%]
Menningar- og ferðamálasvið	1103	192.000	99.769	52%
Skóla- og frístundasvið	1104+6	8.935.000	4.473.801	50%
Íþrótt- og tómstundasvið	1105	2.303.000	1.299.235	56%
Velferðarsvið	1107	270.000	106.439	39%
Ýmsar fasteignir	1108	255.000	75.452	30%
Bílastæðagjöld húsbyggjenda	1112	0	0	-
FASTEIGNIR OG STOFNBÚNAÐUR		11.955.000	6.054.695	51%
Þjóðvegir, hl. Rvk og a.ðr. umf.götur	3102	1.505.000	437.338	29%
Nýbyggingahverfi	3104	2.971.000	712.128	24%
Endurnýjun í miðborginni	3105	715.000	164.342	23%
Umhverfis- og aðgengismál	3106	1.505.000	280.837	19%
Umferðaröryggismál	3107	250.000	10.430	4%
Ýmsar framkvæmdir	3108	2.577.000	960.228	37%
GÖTUR OG UMHVERFI		9.523.000	2.565.303	27%
Áhöld, tæki	2101	506.000	131.507	26%
Áhöld og tæki bílastæðasjóðs	2112	40.000	55	0%
Lóðir, lönd og skipulagseignir	4101+2	60.000	495.976	827%
Endurbætur, meiriháttar viðhald	7101+2	215.000	174.716	81%
Áhöld, tæki og hugbúnaður ÞON	2102	3.080.000	1.549.812	50%
AÐRAR FJÁRFESTINGAR ALLS		3.901.000	2.352.066	60%
SAMTALS FJÁRFESTINGAR (BRÚTTÓ)		25.379.000	10.972.064	43%
Gatnagerðargj. fráveita stofngjald	3100	-2.500.000	-1.163.485	47%
SAMTALS FJÁRFESTINGAR (NETTÓ)		22.879.000	9.808.578	43%



1104 SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ					
VERK NR.	VERKHEITI	STUTT LÝSING VERKEFNIS	ÁÆTLUN ÁRSINS ENDURSKOÐUÐ 27. JÚNÍ	KOSTNAÐARST 202306	FJÁRHAGSLEG FRAMVINDA [%]
20001	Austurbæjarskóli	Aðgengi fyrir alla	0	53	-
20377	Átak í viðhaldsmálum SFS	Átaksviðhald í grunnskólum	1.000.000	508.284	51%
20030	Endurbýgging - Skólalóðir, boltagerði	Borgaskóli 1. áfangi	100.000	47.437	47%
20285	Endurnýjun mötuneyta í grunnskólum	Endurnýjun mötuneytis Foldaskóla	50.000	6.089	12%
20373	Fossvogsskóli	Framkvæmdir vegna innivistarmála	500.000	230.321	46%
20151	Framlag til stofnkostnaðar framhaldsskóla	Framlag Reykjavíkurborgar	100.000	393	0%
20092	Frágangsvirk ymissa skóla sbr. áætlun		30.000	0	0%
20322	Grunnskólar - meiriháttar viðhald	Unnið skv. ástandsúttektum	500.000	448.807	90%
20378	Hagaskóli	Framkvæmdir vegna innivistarmála og Viðbygging	650.000	736.727	113%
20350	Nýjir grunnskólar - Skerjafjörður	Undirbúningur samkeppni	25.000	0	0%
20351	Nýjir grunnskólar - Vogabyggð	Undirbúningur samkeppni	25.000	4.265	17%
20849	Seljaskóli	Gagnaskil og reyndarteikningar	0	947	-
20283	Smíði á færanlegum stofum	Kaup á færanlegum einingum við Hagaskóla og smíði á 4 stk. færanlegar kennslustofur	1.190.000	1.077.425	91%
20183	Vesturbæjarskóli - viðbygging	Frágangur lóðar	0	-11	-
20339	Viðbyggingar og endurbætur í eldri skólum		0	1.257	-
20353	Viðbyggingar og endurbætur skólahúsnæðis	Ýmsir skólar	250.000	27.962	11%
20826	Vörðuskóli - Barónsstígur 34	Viðgerðir á gluggum og veðurkápu	200.000	60.171	30%
Samtals 1104			4.620.000	3.150.125	68%



1106 SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ					
VERK NR.	VERKHEITI	STUTT LÝSING VERKEFNIS	ÁÆTLUN ÁRSINS ENDURSKOÐUÐ 27. JÚNÍ	KOSTNAÐARST 202306	FJÁRHAGSLEG FRAMVINDA [%]
20383	Árborg	Viðbygging	35.000	0	0%
20390	Átk í viðhaldsmálum SFS - Leikskólar	Ýmis átaksverkefni	500.000	242.273	48%
20068	Endurbygging leikskólalóða	Hálsaskógur-Borg 2.áfangi, Klambrar 2.áfangi, Suðurborg 1.áfangi, Tjarnaborg- Tjörn	200.000	68.139	34%
20298	Endurnýjun mótuneyta í leikskólum	Rauðhóll	50.000	57.159	114%
20393	Laugasól	Endurgerð og breytingar	150.000	0	0%
20324	Leikskólar - breytingar	Breytingar á starfsmannaáðstöðu	200.000	54.169	27%
20323	Leikskólar - meiriháttar viðhald	Unnið skv. ástandsúttektum	100.000	78.171	78%
20101	Nýjar leikskóladeildir	Brúum Bilið	3.000.000	822.367	27%
20355	Nýr leikskóli í Völvufelli	Skoðun á deiliskipulagi og hönnun	50.000	313	1%
20356	Ægisborg	Starfsmannaáðstaða	30.000	1.085	4%
Samtals 1106			4.315.000	1.323.676	31%
Samtals 1104 OG 1106			8.935.000	4.473.801	50%



Aðgerðir kynntar með sex mán. uppgjöri

- Gjaldskrárhækkanir
- Undirbúningur að sölu Perlunnar
- Aukið eftirlit með ráðningum



Reykjavík